

9. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 8. september á Reykjum í Hrutafirði

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Rakel Másdóttir (RM), Hallbera Eiríksdóttir (HE) á fjarfundi, Ásgeir Sveinsson (ÁS) á fjarfundi, Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri UMFÍ.

Forföll: Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ).

Daginn áður hélt stjórn vinnufund með hluta starfsfólks UMFÍ.

Formaður setti fund kl. 09:27

1. Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra og fjármálastjóra

- AIP og EPE fóru yfir starfseminna frá síðasta stjórnarfundi.

2. Fundargerðir nefnda lagðar fram til kynningar

- 6. fundargerð fjárhags og greiningarnefndar
- 10. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 11. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 3. fundargerð skólabúðanefndar
- 4. fundargerð fræðslunefndar
- 4. fundargerð útgáfu- og kynningarnefndar
- 5. fundargerð úthlutunarnefndar sjóða
- 3. fundargerð móta- og viðburðanefndar
- 9. fundargerð ungmennaráðs

3. Staða nefndarstarfs og verkefna

- Farið yfir stöðu verkefna stjórnar, nefnda og skrifstofu.
- Samantekt heimsóknar stjórnar og starfsfólks til ISCA í Danmörku lögð fram til kynningar. Stjórn þakkar starfsfólki fyrir vel skipulagða ferð.

4. Erindi frá nefndum

- Fjárhags- og greiningarnefnd leggur til við stjórn UMFÍ að hún taki ákvörðun um hvort óskað verði eftir breytingu á aðalskipulagi fyrir Þrastaskóg sem heimili frístundabyggð og í framhaldinu ráðist í gerð deiliskipulags fyrir sumarhúsalóðir í norðurhluta skógarins, við landamerki lóða UMFÍ og Landsbankans.
 - Stjórn samþykkir að ofangreindar tillögur að breytingum á aðalskipulagi og deiliskipulagi verði unnar. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.
- Móta- og viðburðanefnd leggur til að GÞG verði fulltrúi UMFÍ í framkvæmdanefnd Landsmóts UMFÍ 50+ 2025 í Fjallabyggð og að GG verði fulltrúi UMFÍ í framkvæmdanefnd ULM 2025 á Egilsstöðum.
 - Stjórn samþykkir báðar tillögurnar.

5. Niðurstaða vinnufundar stjórnar

- Farið yfir vinnu gærdagsins. Rætt var um málefni skólabúða, móta- og viðburðamál, íþróttá- og æskulýðslög og stefnumótun. Einnig fór fram kynning á svæðisstöðvum íþróttahéraðanna. Formenn nefnda munu undirbúa sig fyrir sambandsráðsfund í október.

6. Fjármál

- Farið yfir starfsáætlun og forsendur fyrir fjárhagsáætlunargerð 2025. Framkvæmdastjóra falið að setja upp tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta stjórnarfund.

7. Svæðisstöðvar íþróttahéraða

- Samningur um rekstur svæðisstöðva íþróttahreyfingarinnar milli ÍSÍ og UMFÍ lagður fram. – Stjórn veitir formanni heimild til að undirrita samninginn fyrir hönd UMFÍ.
- Reglugerð um Hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar lögð fram. – Stjórn staðfestir reglugerðina og felur formanni að undirrita hana fyrir hönd UMFÍ, með smávægilegum breytingum í samræmi við umræður á fundinum. Framkvæmdastjóra falið að tilnefna fulltrúa UMFÍ í stjórn Hvatasjóðs.

8. Þrastalundur

- Með bréfi dags. 18. september 2023 var rekstraraðila tjaldsvæðisins í Þrastalundi tilkynnt að tjaldhýsi sem hann hafði reist á svæðinu væru þar í heimildarleysi, án tilskilinna leyfa, tilkynningar og án samþykkis landeiganda. Því var þess krafist að hann fjarlægði umrædd mannvirki af lóð UMFÍ fyrir 1. nóvember 2023. Af hálfu rekstraraðilans var þessari kröfu mótmælt og bent á að samkvæmt rekstrarsamningnum hefði hann 12 mánuði til að bæta úr vanefndum á samningnum. Viðræður hafa verið í gangi um lausn málsins en ljóst að ekki næst samkomulag milli aðila fyrir 18. september nk. Þegar umræddir 12 mánuðir verða liðnir.

- Af þessu tilefni samþykkir stjórn UMFÍ að veittur verði lokafrestur til 1. nóvember 2024 og á þeim tíma verði reynt til þrautar að leysa málið með samkomulagi milli aðila. Náist ekki samkomulag fyrir 1. nóvember verði rekstraraðila gefinn 14 daga frestur, frá þeim degi, til að fjarlægja mannvirkin af landinu.

9. Íþróttalög

- Farið yfir stöðu og næstu skref varðandi yfirvofandi breytingar á íþróttalögum. Framkvæmdastjórn falið að fylgjast áfram með málinu.

10. Bréf sem borist hafa

- 30.07.'24 Boð í 80 ára afmæli ÍBR og 40 ára afmæli Reykjavíkumaraþons.
- 02.09.'24 Boð frá ungmennaráði á ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði

11. Fundir og ferðir

- 12.-16.08.'24. Erasmus fræðsluferð stjórnar og starfsfólks til ISCA í Danmörku.
- 27.08.'24. Stjórnarfundur Íslenskrar getspar. JSI mætti.
- 28.08.'24. Samráðsfundur samtaka í ÆV. AIP og Ragnheiður Sigurðardóttir mættu.
- 31.08.'24. 80 ára afmæli ÍBR og 40 ára afmæli Reykjavíkumaraþons. AIP mætti.
- 02.09.'24. Ársfundur Íslenskra getrauna. JSI og AIP mættu.

Fyrir fund fóru stjórn og starfsfólk í skoðunarferð um húsakynni skólabúðanna á Reykjum. Stjórn vill koma á framfæri þökkum til sveitarstjórnar Húnaþings vestra fyrir gott samstarf um skólabúðirnar. Stjórn þakkar starfsfólki skólabúðanna einnig fyrir ánægjulega dvöl á Reykjum.

Farið yfir fundargerð í lok fundar.

Fundi slitið kl. 12:16
SÓJ ritaði fundargerð